




Þekkingarnet
Þingeyinga

ÁRSSKÝRSLA 2019

ÁSAMT STARFSÁÆTLUN 2020



Febrúar 2020

Febrúar 2020

Þekkingarnet Þingeyinga

Forsíðumyndir (frá vinstri):

Alþjóðleg jarðskjálftaráðstefna á Húsavík í maí 2019
Höfuðstöðvar Þekkingarnetsins á Húsavík í “þiparkökuformi”
“Sjálfa” úr starfsmannaferð ÞÞ í Mývatnssveit
Frá fundi ÞÞ og samstarfsaðila í Brussel í Erasmus-verkefninu SustainIt

Myndir:

Starfsfólk Þekkingarnets Þingeyinga

Ábyrgð/ritstjórn:
Óli Halldórsson

ISSN: 1670-813X

EFNISYFIRLIT

1	FRÁ FORSTÖÐUMANNI.....	1
2	STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	2
2.1	STARFSMANNAHALD: HELSTU TÖLUR.....	2
2.2	STARFSFÓLK.....	3
2.3	SKIPURIT.....	4
2.4	STJÓRN.....	5
3	HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI.....	6
3.1	AÐSTADA: HELSTU UPPLÝSINGAR.....	6
3.2	STARFSSVÆÐI.....	7
3.3	HÚSNÆÐI OG AÐSTADA.....	8
3.4	MIKLEY.....	8
4	SÍMENNTUNARSVIÐ.....	9
4.1	SÍMENNTUN: HELSTU TÖLUR.....	9
4.2	ÁHERSLUR Í NÁMI.....	9
4.3	KYNJAHLUTFALL Í SÍMENNTUN.....	11
4.4	NÁMSLEIÐIR FA.....	12
4.5	ÖNNUR NÁMSKEIÐ.....	12
4.6	ÞRÓUNARVINNA, GÆÐAMÁL.....	13
5	NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF.....	14
5.1	RÁDGJÖF: HELSTU TÖLUR.....	14
5.2	KYNNINGAR Á VINNUSTÖÐUM.....	15
5.3	KYNNING Á NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF ÁSAMT KYNNINGU Á NÁMSLEIÐUM FA.....	15
5.4	RÁDGJÖF.....	16
6	HÁSKÓLANÁMSSVIÐ.....	17
6.1	HÁSKÓLAÞJÓNUSTA: HELSTU MARKMIÐ.....	17
6.2	NÁMSVER OG ÞJÓNUSTA.....	18
6.3	FJARPRÓF.....	19
7	RANNSÓKNASVIÐ.....	20
7.1	RANNSÓKNIR: HELSTU MARKMIÐ.....	20
7.2	RANNSÓKNASTARFSEMIN.....	23
7.1	YFIRLIT VERKEFNA Á RANNSÓKNASVIÐI.....	28
7.2	ÞRÓUNARVINNA, GÆÐAMÁL.....	29
8	KYNNING.....	30
8.1	FRAMSÖGUR OG FYRIRLESTRAR.....	30
9	STARFSEMI Í MYNDUM.....	32


1 FRÁ FORSTÖÐUMANNI

Þekkingarnet Pingeyinga fékkst við margvísleg verkefni á árinu 2019. Stór hluti starfseminnar er orðinn vel fastmótaður og telst í raun sjálfsgáður hluti af innviðum í nútímasamfélagi. Sú víðtæka þjónusta við fullorðið fólk og vinnustaði sem Þekkingarnetið (eins og aðrar sambærilegar stofnanir) veitir á sínu starfssvæði er þó ekki alltaf áberandi út á við og kemur stundum á óvart hvert umfang verkefnanna er.

Þekkingarnetið hélt 72 námskeið á árinu 2019 í um 2.200 kennslustundum og 26 þúsund nemendastundum og sinnti yfir 900 skráðum nemendum. Á árinu 2019 voru tekin 525 námsráðgjafarviðtöl, sem fóru fram út um allt hérað, bæði á starfsstöðvum Þekkingarnetsins sem og inni á vinnustöðum eða öðrum vettvangi ráðþeganna. Tekin voru 246 fjarpróf frá 15 skólum á vegum Þekkingarnetsins. Á rannsóknasviði var unnið að 11 sjálfstæðum rannsóknaverkefnum á árinu 2019 sem skiptust nokkuð jafnt milli þess að vera útseld verkefni fyrir aðra og frumkvæðisverkefni Þekkingarnetsins. Þá tók stofnunin þátt í þremur alþjóðlegum þróunar-/rannsóknaverkefnum á árinu og hafði fjóra háskólanema í sumarvinnu við rannsóknastörf.

Fjárhagur Þekkingarnetsins er traustur í grunninn en nokkur munur er jafnan á milli ára á rekstrarafkomu. Til þess ber að horfa í því samhengi að stofnunin er sjálfseignarstofnun sem ber ein fulla ábyrgð á skuldbindingum sínum. Framúrkeyrslur eru ekki mögulegar og þarf rekstrarafkoma einfaldlega að miðast við efnahag og fjárhagsstöðu stofnunarinnar sjálfar, þ.m.t. tryggja svigrúm til að þola hallarekstur erfiðra rekstrarára. Framlög úr Fræðslusjóði, sem er að fullu fjármagnaður úr ríkissjóði, hafa dregist saman hjá Þekkingarnetinu undanfarin ár, og er Þekkingarnetið nú sú stofnun á landsvisu sem lægsta fjárhæð hlýtur úr sjóðnum af öllum símenntunarmiðstöðvum. Sveitarfélög koma ekki að rekstri Þekkingarnetsins nema til stakra umsaminna þjónustuverkefna. Hlutfall opinberra framlaga í heildarveltu Þekkingarnetsins hefur raunar farið lakkandi á liðnum árum. Þessar aðstæður hafa aukið þörf á öflun annarra tekna svo sem með sölu á þjónustu, námskeiðahaldi, og rannsóknastyrkjum úr íslenskum og erlendum samkeppnissjóðum og hefur það gengið prýðilega. Á árinu 2020 standa vonir til þess að grunnfjármögnun í samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið muni styrkjast.

Þekkingarnetið hefur á liðnu ári átt frumkvæði að verkefnum sem snúa að greiningu á stöðu og hlutverki þekkingarsetra á landinu í samstarfi við systurstofnanir. Á árinu 2020 mun Þekkingarnetið leggja mikla áherslu áframhaldandi framþróun í þessum geira, ekki síst m.t.t. fyrirséðra tækifæra og ógnana samfara breytingum í dreifðari byggðum af völdum fjórðu iðnbýltingarinnar. Þekkingarnetið hefur þegar hafið undirbúning slíkra verkefna, sem stefnt verður að því að sinna af þunga á árinu 2020. Það er margt framundan í starfsemi Þekkingarnetsins, sumt í föstum og tryggum skorðum eins og þessi skýrsla rekur en annað háð nokkurri óvissu. Um óvissuna, sem virðist óhjákvæmilegur fylgifiskur í rekstri þekkingarsetrana, gildir þá að lágmarka starfsorkuna sem fer í áhyggjur og nýta hana fremur sem drifkraft til framþróunar. Finna tækifærin í óvissunni.



Óli Halldórsson, Forstöðumaður Þekkingarnets Pingeyinga

Þessi skýrsla er í senn ársskýrsla rekstrarársins 2019 og starfsáætlun fyrir árið 2020. Í hverjum meginkafli er, auk almennrar umfjöllunar um starfsemi liðins árs, að finna markmið í starfseminni fyrir komandi ár.

2 STJÓRN OG STARFSFÓLK











2.1 Starfsmannahald: Helstu tölur

Starfsmannahald	Áætlun 2019	Niðurstaða 2019	Áætlun 2020?
Stöðugildi launþega á heilsársvísu	8,0	7,5	8,5
Stöðugildi verktaka við tímabundna námskeiðskennslu	3,0	3,5	3
Stöðugildi verktaka við tímabundin rannsóknaverkefni	0	0	0
Alls stöðugildi:	11,0	11,0	11,5
<hr/>			
Stjórn og skipurit	2019		Áætlun 2020
Mannabreytingar í stjórn	Stjórnin er óbreytt frá skipan hennar á aðalfundi 2018.		Ný stjórn verður skipuð á aðalfundi 2020.
Breytingar á skipuriti/stjórnun	Ný staða var skipuð á árinu, staðgengill forstöðumanns. Annað óbreytt.		Engar fyrirséðar breytingar
Skýringar	Nokkrar breytingar urðu á starfshóp Þekkingarnetsins á árinu 2019. Guðrún Helga Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi fór í fæðingarorlof í október og Ingibjörg Benediktsdóttir verkefnastjóri var ráðin til eins árs í september. Jafnframt fór Gréta Bergrún Jóhannesdóttir verkefnastjóri í námsleyfi í september og Lilja B. Rögnvaldsdóttir verkefnastjóri var ráðin í hennar stað. Lilja tók jafnframt við stöðu staðgengils forstöðumanns.		







Á árinu 2019 útheimti starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga alls 11,0 ársverk eins og taflan að ofan greinir frá. Þar af voru 13 launþegar á skrá í launakerfi stofnunarinnar á árinu í samtals 7,5 stöðugildum. Utan fastra heilsársstarfsmanna var nokkuð um tímabundin verkefni við námskeiðakennslu, eða alls 3,5 ársverk.

2.2 Starfsfólk

Starfsfólk Pekkingarnets Þingeyinga á launaskrá á árinu í árslok 2019:

	Óli Halldórsson Forstöðumaður (100%) MA umhverfisfræði BA heimspeki Kennsluréttindi		Aðalgeir Bjarnason Húsumsjón og ræstingar í Þekkingarsetrinu á Húsavík (30%) Ýmis störf á rannsókn- og símenntunarsviðum
	Arnþrúður Dagsdóttir Verkefnastjóri Mývatnssveit (60%) MA/BA myndlist, Kennsluréttindi		Guðrún Ósk Brynjarsdóttir Skrifstofustjóri (100%) Skrifstofustjóri/ skólaritari frá V.Í.
	Heiðrún Óladóttir Verkefnastjóri Þórshöfn Símenntun (60%) BEEd kennari		Helena Eydís Ingólfssdóttir Verkefnastjóri rannsókn- og símenntunarsv. (70%) MPA í opinberri stjórnslu BEEd kennari
	Hilmar Valur Gunnarsson Verkefnastjóri á símenntunarsviði (100%) BA félagsráðgjöf		Ingibjörg Benediksdóttir Verkefnisstjóri á símenntunarsviði (100%) BA nútímafræði
	Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir Verkefnastjóri rannsóknasvið (80%) MS alþjóðamarkaðsfræði MS ferðamálafræði Cand.Oecon viðskiptafræði		Maren Óla Hjaltadóttir Húsumsjón og ræstingar í Menntasetrinu á Þórshöfn (20%)


Eftirtaldir starfsmenn voru á launaskrá hjá stofnuninni í tímabundnum störfum árið 2019 eða voru í leyfi í lok árs:

	Gréta Bergrún Jóhannsdóttir í námsleyfi frá sept. 2019 til sept. 2020 Verkefnastjóri rannsóknasvið M.A. í kynjafræðum B.A. í fjölmiðlafræði Kennsluréttindi		Guðrún Helga Ágústsdóttir í fæðingarorl. frá okt. 2019 til okt. 2020 Náms- og starfsráðgjafi MA í náms- og starfsráðgjöf BA í félagsráðgjöf Diplómanám í starfsendurhæfingu og félagsfr.
	Selmdís Þráinsdóttir Rannsóknastörf á Húsavík sumarið 2019 Nemi við Háskóla Íslands		Heiða Elín Aðalsteinsdóttir Rannsóknastörf á Húsavík sumarið 2019 og húsumsjón haustið 2019 Nemi við Háskólann á Akureyri
	Linda Björk Árnadóttir Rannsóknastörf í Mývatnssveit sumarið 2019 Nemi við Háskólann á Akureyri		Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir Rannsóknastörf á Raufarhöfn sumarið 2019 Nemi við Listaháskóla Íslands

Auk framangreindra kom nokkur fjöldi fólks til verktakakennslu á námskeiðum og námsleiðum eins og vant er.

2.3 Skipurit

Fagsvið Þekkingarnets Þingeyinga eru þrjú og skarast starfssvið starfsmanna að nokkru leyti milli sviða. Unnið er í “teymisvinnu” fyrir hvert svið.



2.4 Stjórn

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga er skipuð 8 fulltrúum sem tilnefndir eru til tveggja ára í senn. Stjórnin myndar þriggja manna framkvæmdaráð úr sínum röðum sem getur afgreitt ákveðin mál í umboði stjórnar. Venjur hafa skapast á undanförunum árum um skiptingu fulltrúa framhaldsskóla á milli FL og FSH og einnig hafa sveitarfélög utan Norðurþings skipst á með fulltrúa sem tilnefndur er af Héraðsnefnd Þingeyinga. Stjórnin er óbreytt frá síðustu skipan á aðalfundi árið 2018.

Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2019:

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga:	• Reinhard Reynisson
Framhaldsskólar í Þingeyjarsýslum:	• Halldór Jón Gíslason
Háskóli Íslands:	• Rögnvaldur Ólafsson
Háskólinn á Akureyri:	• Rannveig Björnsdóttir
Héraðsnefnd Þingeyinga:	• Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir
Norðurþing:	• Jón Höskuldsson
Rannsóknastofnanir:	• Margrét Hólm Valsdóttir
Stéttarfélög í Þingeyjarsýslum:	• Aðalsteinn Árni Baldursson (formaður)

Framkvæmdaráð Þekkingarnets Þingeyinga í árslok 2018:

- Aðalsteinn Árni Baldursson
- Jón Höskuldsson
- Margrét Hólm Valsdóttir

Stjórn Þekkingarnetsins kom saman til fundar fjórum sinnum á árinu 2019.



Mynd 1. Stjórn ÞÞ (mynd frá 2018, stjórn er óbreytt síðan þá).
Efri röð frá vinstri: Reinhard, Jón, Rögnvaldur, Halldór Jón, Rannveig.
Neðri röð frá vinstri: Margrét, Jóhanna Katrín, Aðalsteinn Árni.

3 HÚSNÆÐI, STARFSSVÆÐI

3.1 Aðstaða: Helstu upplýsingar

Húsnæði ÞP		2019	Markmið 2020
Staður	Hús	Aðstaða	
Húsavík	Hafnarstétt 3 Skólahúsnæði og stakir salir (s.s. stofur Framhaldsskólans á Húsavík)	400m ² aðalhúsnæði ÞP. Skrifstofuaðstaða fyrir um 15 starfsmenn, námsver, 3 kennslu- og fundarými, 3 fjarfundabúnaðir. Kennslu- og fyrirlestraðstaða leigð í tímavís eftir þörfum	<i>Að hafin verði vinna við að mynda vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25-30 manns á sviði þróunar, rannsókna, fræðslu og stoðkerfis atvinnulífsins undir einu þaki á Húsavík.</i> <i>Um verði að ræða nýja gerð þekkingar-/þróunarsetra í nýju húsnæði þar sem aðstaða verði til kennslu, fyrirlestra, fundahalds, og fjarfunda. Í setrinu verði jafnframt aðstaða til nýsköpunar og skapandi rými (FabLab).</i> <i>Til verði vettvangur sem stuðli bæði að rekstrarlegum og faglegum samlegðaráhrifum á því sviði þar sem öfl þekkingar, rannsókna- og fræðslustofnana ásamt stoðkerfi atvinnulífsins verða leidd saman.</i>
Þórshöfn	Menntasetrið á Þórshöfn, Langanesvegi 1.	Um 200m ² húsnæði deilt með Framhsk. á Laugum. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, 3 fjarfundabúnaðir.	<i>Óbreytt húsnæði. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form og uppþærdur búnaður eftir þörfum.</i>
Raufarhöfn	Grunnskólinn á Raufarhöfn, Aðalbraut 23.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	<i>Óbreytt húsnæði og aðstaða. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form.</i>
Kópasker	Skólahúsið á Kópaskeri.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	<i>Óbreytt húsnæði og aðstaða. Fjarfundatækni breytt yfir á nýtt form. Stefnt að auknu samstarfi við verkefni Byggðastofnunar um "brothættar byggðir".</i>
Laugar	Seigla – grunnskólahúsið á Laugum.	Fjarfunda- og próftökuaðstaða, nettenging og lesrými.	<i>Námsver rekið áfram eftir eftirspurn og þörfum í samstarfi við Þingeyjarsveit og Seigluþekkingarsetur.</i>
Mývatnssveit	Hreppsskrifstofa/ þekkingarsetur.	Þekkingarsetrið Mikley opnaði árið 2019 í Mývatnssveit 200m ² húsnæði. Skrifstofurými, námsver, kennslurými, fjarfundabúnaðir.	<i>Þekkingarsetrið eftt og þróað áfram í samvinnu við Skútustaðahrepp.</i>

3.2 Starfssvæði




Mynd 2. Starfsstöðvar Þekkingarnets Pingeyinga 2019

Starfssvæði Þekkingarnetsins er á norðausturhorni landsins frá Vaðlaheiði í vestri til og með Bakkafirði í austri. Starfssvæði PP er stórt að flatarmáli og nær yfir sex sveitarfélög. Það er fremur strjálbýlt og búsetuform fjölbreytt. Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn en landbúnaðarhéruð og smærri þéttbýliskjarnar umhverfis.

Samgöngur eru fremur erfiðar á starfssvæðinu þar sem vegalengdir eru miklar og veður og færð geta verið hamlandi á veturna. Þá eru almenningssamgöngur innan svæðisins

takmarkaðar. Akstursvegalengd eftir þjóðvegi milli enda starfssvæðis frá vestri til austurs er um 270 km stystu leið. Að flatarmáli er svæðið allt um 18.440km² eða 18% landsins. Rauðir punktar á mynd 2 sýna mannaðar starfsstöðvar í fullum rekstri (Húsavík, Mývatnssveit og Þórshöfn) og gulu punktarnir aðra þjónustustaði (Kíðagil, Laugar, Kópasker og Raufarhöfn).



- | | |
|--|--|
| <ol style="list-style-type: none"> 1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum <ol style="list-style-type: none"> 1.1. Reykjanesbær 2. Mímír-símenntun <ol style="list-style-type: none"> 2.1. Reykjavík - Höfðabakki 2.2. Reykjavík - Oldugata 3. Framvegis - miðstöð símenntunar <ol style="list-style-type: none"> 3.1. Reykjavík - Skeifan 4. Símenntunarmiðstöð Vesturlands <ol style="list-style-type: none"> 4.1. Borgarnes 4.2. Akranes 4.3. Ólafsvík 4.4. Grundarfjörður 4.5. Stykkibólumur 4.6. Böðardalur 5. Fræðslumiðstöð Vestfjarða <ol style="list-style-type: none"> 5.1. Ísafjörður 5.2. Patreksfjörður 5.3. Hölmavík 6. Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra <ol style="list-style-type: none"> 6.1. Sauðárkrúkur 6.2. Hvammstangi 6.3. Blönduós 6.4. Skagaströnd | <ol style="list-style-type: none"> 7. SÍMEY <ol style="list-style-type: none"> 7.1. Akureyri 7.2. Dalvík 7.3. Fjallabyggð 8. Þekkingarnet Pingeyinga <ol style="list-style-type: none"> 8.1. Húsavík 8.2. Þórshöfn 8.3. Raufarhöfn 8.4. Kópasker 8.5. Mývatnssveit 8.6. Laugar 8.7. Bárðardalur 9. Austurbrú <ol style="list-style-type: none"> 9.1. Egilsstaðir 9.2. Reyðarfjörður 9.3. Neskaupstaður 9.4. Djúpivogur 9.5. Vopnafjörður 9.6. Seyðisfjörður 10. Fræðslunet Suðurlands <ol style="list-style-type: none"> 10.1. Selfoss 10.2. Hvalsvíllur 10.3. Vík 10.4. Hólm 10.5. Hella 10.6. Kirkjubæjarklaustur 10.7. Reykholt 11. Víkja <ol style="list-style-type: none"> 11.1. Vestmannaeyjar |
|--|--|

Mynd 3. Starfssvæði símenntunarmiðstöðva með aðild að Kvasi.

Þekkingarnetið er aðili að Kvasi sem eru samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva. Myndin sýnir starfssvæði þeirra ellefu símenntunarmiðstöðva sem eiga aðild að samtökunum. Þekkingarnetið rekur alls sjö þjónustustöðvar á Norðausturlandi (8.1–8.7).

3.3 Húsnæði og aðstaða

Undanfarin ár hefur meginstarfsstöð Þekkingarnets Þingeyinga verið á Hafnarstétt 3 á Húsavík. Um er að ræða uppgert gamalt timburhús við höfnina á Húsavík, alls um 400m². Húsið hefur frá byggingarárinu 1930 hýst atvinnustarfsemi af mjög ólíku tagi, einkum í tengslum við sjávarútveg og fiskverkun. Húsið var gert upp fyrir um áratug og útbúið sem skrifstofuhúsnæði. Það hentar afar vel undir starfsemi



Mynd 4. Húsnæði ÞÞ á Húsavík, "Langaneshúsið"

Þekkingarnetsins en þar eru vinnustöðvar fyrir u.þ.b. 15 starfsmenn, tvö kennslurými, fundaherbergi, námsver með lesrými, rannsóknastofa auk afgreiðslu og annars sameiginlegs rýmis. Þekkingarnetið framleigir hluta húsnæðisins á Húsavík til samstarfsstofnana, þ.e. Náttúrustofu Norðausturlands og Háskóla Íslands. Auk þess leigir Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra eina skrifstofu.

Þekkingarnetið veitir þjónustu um allt starfssvæði sitt. Mönnuð starfsstöð og fullbúin er rekin í Menntasetrinu á Þórshöfn. Setrið er samstarfsverkefni Langanesbyggðar, Þekkingarnetsins og Framhaldsskólans á Laugum. Mikley Þekkingarsetur var opnað á árinu 2018 eftir margra ára undirbúningsvinnu sem Þekkingarnetið hefur átt aðkomu að frá upphafi.

Þá á Þekkingarnetið aðild að rekstri þekkingarseturs í verkefninu "Seiglu" á Laugum í Reykjadal í samstarfi við heimaaðila, þ.á.m. Þingeyjarsveit og Urðarbrunn. Þá er boðin þjónusta á Kópaskeri og Raufarhöfn sem lýst er nánar í töflunni fremst í þessum kafla.

Þekkingarnet Þingeyinga vinnur markvisst að eflingu starfseminnar víða um starfssvæði sitt. Undanfarið ár hefur stofnunin unnið að þróun nýrrar gerðar þekkingarseturs á Húsavík. Um er að ræða vinnustað/setur af nýrri gerð með starfsstöðvum fyrir 25-30 manns á sviði fræðslu, þróunar, rannsókna og stoðkerfis atvinnulífs. Unnið verður að þessu verkefni á árinu 2020.

3.4 Mikley

Fyrsta heila starfsár Mikleyjar, þekkingarseturs í Mývatnssveit gekk vonum fram. Í Mikley hafa, ásamt Þekkingarnetinu, Vatnajökulsþjóðgarður, Mývatnstofa, Landgræðslan, Geochemý og Geo Travel aðstöðu. Setrið deilir auk þess kaffiáðstöðu og fundarherbergi með starfsmönnum Skútustaðahrepps. Námsmenn á svæðinu hafa sólarhringsaðgang að námsverinu og hafa verið duglegir að nýta sér aðstöðuna. Boðið hefur verið upp á námskeið og fyrirlestra í fjarfundi úr Mikley og hefur það reynst vel. Arnþrúður Dagsdóttir er starfsmaður Þekkingarnetsins í Mikley.

4 SÍMENNTUNARSVIÐ


4.1 Símenntun: Helstu tölur

Markmið símenntunarsviðs	Áætlun 2019	Niðurstaða 2019	Áætlun 2020
Fjöldi almennra námskeiða á svæði ÞP:	70	72	75
Fjöldi námsleiða (námsleiðir FA):	5	3	4
Fjöldi kenndra stunda:	2.100	2.171	2.200
Fjöldi kenndra nemendastunda:	19.000	26.495	27.000
Pátttakendur:	1.000	935	1.000

4.2 Áherslur í námi


Áherslur ársins 2019 voru svipaðar og á árinu 2018. Lögð var áhersla á að kenna námsleiðir Fræðslumiðstöðvarinnar (FA) innan þess fjárhagsramma sem fyrir liggur. Einnig var lögð áhersla á stutt námskeið og fyrirlestra með það að markmiði að reyna að höfða til nýrra viðskiptavina, fólks sem að öllu jöfnu nýtir sér ekki þjónustu Þekkingarnetsins. Ágætis aðsókn var í þessi námskeið sem fólk sótti sér bæði til gagns og ánægju. Visvitandi var tekin ákvörðun um að halda afar fámenn námskeið, sem ekki eru sjálfbærandi fjárhagslega, sérstaklega í minni byggðarlögum svæðisins eins og Kópaskeri, Raufarhöfn og Mývatnssveit. Þekkingarnetið lítur á það sem eitt af markmiðum sínum að halda námsvirkni í dreifðum byggðum þar sem aðrir angar menntakerfisins ná síður.

Stuðst er við óformlega greiningu á námsþörfum íbúa á starfssvæði Þekkingarnetsins þegar námskeið og námsleiðir eru ákveðnar. Upplýsingar koma úr viðtölum náms- og starfsráðgjafa, samtölum við íbúa og niðurstöðum úr námskeiðsmati. Auk þess eru íbúar alltaf að verða duglegri við að óska eftir námskeiðum eða koma með ábendingar um námskeið sem væri áhugavert að halda á svæðinu. Smánámskeið þau sem snéru að heilsu, líkamsrækt og matreiðslu voru vinsæl líkt og undanfarin ár, einnig fyrirlestrar sem snúa að því að bæta sig í samskiptum og sem einstaklingar. Árið 2019 féllu flest námskeiðin sem haldin voru undir tómstundanámskeið og fyrirtækjafræðslu. Þá var töluverð þátttaka á íslenskunámskeiðum fyrir útlendinga enda hefur hlutfall íbúa af erlendum uppruna aukist mjög á svæðinu og er nú nokkuð yfir landsmeðaltali. Hér má sjá skiptingu námskeiða hjá Þekkingarnetinu árið 2019. Eins og sjá má eru flest námskeiðin sem haldin voru árið 2019 tómstundanámskeið en þar á eftir kemur fyrirtækjafræðsla.




Mynd 5. Skipting námskeiða 2019

Ef skoðaðar eru kenndar stundir og skipting nemendastunda eftir námskeiðum má sjá að flestar þeirra falla undir vottaðar námsleiðir FA. Þar næst koma íslenskunámskeið fyrir útlendinga.




Mynd 6. Skipting kenndra stunda eftir námskeiðum 2019.




Mynd 7. Skipting nemendastunda eftir námskeiðum 2019.

4.3 Kynjahlutfall í símenntun




Mynd 8. Kynjahlutfall í símenntun 2019 (heild).

Þegar kynjahlutfall námskeiðspátttakenda er skoðað og borið saman við síðustu ár má sjá að hlutfall karla hefur lítillega hækkað, en árið 2019 voru karlar 38% þátttakenda og konur 62% ef kynjahlutfall í símenntun í heild er skoðað. Hlutfallið á milli kynjanna er líkt því sem þekktist við fullorðinsfræðslu á Íslandi almennt, þar sem hlutfall kvenna er að jafnaði verulega hærra en karla. Á starfssvæði Þekkingarnetsins árið 2019 voru konur duglegri en karlar að koma á almenn námskeið, 61% á móti 39%. Ef litið er til námsleiða FA voru konur 67% þátttakanda og karlar 33%.



Mynd 9. Kynjahlutfall á almennum námskeiðum 2019



Mynd 10. Kynjahlutfall á námsleiðum FA 2019

4.4 Námsleiðir FA

Á árinu 2019 voru kenndar 3 námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

- Starfsnám á samgangna- umhverfis- og framkvæmdasviði er 200 kennslustunda námsleið sem hófst á vorönn 2019. Tólf nemendur hófu nám á þessari námsleið sem kennd er á Húsavík en nemendur á Þórshöfn sitja fjarfundu. Námsleiðinni lauk í desember 2019.
- Félagliðabru er tveggja ára brúarleidd samkvæmt námskrá framhaldsskóla kennd hjá símenntunarmiðstöðvum. Námsleiðin hófst á vorönn 2019 og lýkur á haustönn 2020. Þrettán nemendur hófu nám á námsleiðinni. Kennsla fer að mestu fram í fjarnámi á kennsluvef Innu en kennarar hitta nemendur einnig í staðlotum sem fara fram á Húsavík.
- Líf og heilsa er 300 klst. námsleið sem hófst á haustönn 2019 og lýkur haustið 2020. Tólf nemendur hófu nám á þessari námsleið.

4.5 Önnur námskeið

Alls voru auglýst 92 námskeið á vegum Þekkingarnetsins og þar með talin námskeið sem Þekkingarnetið hafði milligöngu um eins og vigtarnámskeið frá Neytendastofu og skotvopna- og veiðikortanámskeið frá Umhverfisstofnun. Af þeim 92 námskeiðum sem voru auglýst voru 72 haldin og 20 aflýst. Námskeiðum er aflýst þegar lágmarkspáttaka næst ekki. Oftast miðast hún við 6-10 þátttakendur, en það er aðeins breytilegt eftir því hvar námskeiðin eru auglýst. Viðmið um lágmarkspáttöku eru almennt lægri í fámennari byggðum á starfssvæði Þekkingarnetsins. Þekkingarnet Þingeyinga hefur á undanförunum árum sinnt fræðsluþjónustu við fyrirtæki og stofnanir. Ráðgjafar ÞP hafa þá haft samráð við stjórnendur og lagt fræðslugreiningar fyrir starfsmenn til að greina fræðsluþarfir starfsmanna persónulega sem og fyrirtækisins. Eftir að unnið hefur verið úr fræðslugreiningunum er gerð fræðsluáætlun. Slík verkefni standa öllu jöfnu yfir í lengri tíma eða allt að fjórum árum frá því greiningin fer fram og þar til síðasta námskeið fræðsluáætlunar lýkur.

Á undanförunum árum hefur starfsfólk Þekkingarnetsins tekið þátt í stóru fræðsluverkefni með Farskólanum á Norðurlandi vestra og SÍMEY þar sem símenntunarmiðstöðvarnar þrjár hafa unnið sem ein í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Norðurlands. Byrjað var á að greina fræðsluþarfir og í kjölfarið var útbúin þriggja ára fræðsluáætlun. Árið 2019 var fjórða árið þar sem kennt var samkvæmt fræðsluáætlun. Þátttaka starfsmanna hefur verið góð og fræðsluáætlunin mikilvægur liður í innleiðingu nýrra starfshátta og verkfæra.

4.6 Próunarvinna, gæðamál

Náið samstarf er á símenntunarsviði milli fræðslumiðstöðva, bæði í gegnum samtök símenntunarstöðva, Kvasi, og eins milli einstakra miðstöðva. Þekkingarnetið hefur verið virkt í slíku samstarfi á símenntunarsviði.

Á háskólanáms- og rannsóknasviðum er samstarf töluvert við önnur setur og stofnanir á þeim sviðum. Starfsemi stofnana á rannsókn- og háskólanámssviði er þó með nokkuð ólíkum hætti um landið og hefur ekki verið myndaður formlegur vettvangur líkt og Kvasir stendur fyrir á símenntunarsviði. Þó er töluvert faglegt samráð á milli rannsóknastofnana og þekkingarsetra.

Þekkingarnetið hefur frá árinu 2012 verið með vottað gæðakerfi á símenntunarsviði, þ.e. EQM-gæðakerfið (European Quality Mark) sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) heldur utan um. Í kjölfar þeirrar vottunar fékk stofnunin sama ár viðurkenningu sem fræðsluaðili samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þessi viðurkenning ráðuneytisins var síðast endurnýjuð á árinu 2015. Þekkingarnetið fylgir því vinnulagi sem FA hefur lagt upp og fór aftur í gæðavinnu á árinu 2019 þar sem endurnýjun á vottun var framundan eftir að FA samdi við nýja aðila um gæðaúttektir. Sjálfsmat á grunni EQM viðmiða var unnið fyrir fræðslu og námskeiðahald ásamt því að í fyrsta skipti var unnið sjálfsmat fyrir náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat til að öðlast gæðavottunina EQM+. EQM er gæðavottun fyrir fræðslu en EQM+ nær til fræðslu, náms- og starfsráðgjafar og raunfærnimats. Til stóð að gæðaúttektin færi fram í nóvember en veður hamlaði að af því yrði og úttektinni var frestað til janúar 2020.




5 NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

5.1 Ráðgjöf: Helstu tölur

Fjöldamarkmið í náms- og starfsráðgjöf	Áætlun 2019	Niðurstaða 2019	Áætlun 2020
Fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala:	630	525	515


Boðið hefur verið upp á náms- og starfsráðgjöf hjá Þekkingarneti Þingeyinga síðan 2006. Guðrún Helga Ágústsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur umsjón með ráðgjöf og sinnir henni að mestu leyti. Guðrún Helga fór í fæðingarorlof í október 2019 og tóku þá Hilmar Valur og Ingibjörg við ráðgjöfinni tímabundið meðan á leyfinu stendur.

Árið 2019 var fjöldi náms- og starfsráðgjafarviðtala 525. Alls komu 391 í fyrsta viðtal og 134 komu í endurkomuviðtöl. Ástæður viðtala voru mismunandi. Flestir (66%) komu að eigin frumkvæði, 22% komu í viðtal eftir kynningu hjá fyrirtæki eða stofnun og 7% viðtala voru í tengslum við raunfærnimat. Aðrar ástæður viðtala voru boðun frá VMST, færnimöppugerð og tilvísanir frá VIRK endurhæfingarsjóði.



Mynd 11. Ástæða viðtala 2019

Kynjahlutfall í ráðgjöf hefur verið nokkuð breytilegt undanfarin ár. Árið 2017 komu í fyrsta skipti í mörg ár fleiri karlar í ráðgjöf en konur. En það breyttist strax aftur árið 2018 þegar konurnar urðu aftur fleiri og sú þróun hélt áfram árið 2019 þegar 60% ráðþega voru konur en 40% karlar.



Mynd 12. Kynjahlutföll í ráðgjöf 2019

5.2 Kynningar á vinnustöðum

Líkt og kom fram í ársskýrslu síðasta árs hafa kynningar á vinnustöðum verið ein þeirra leiða sem notaðar hafa verið til að ná til markhópsins á vinnumarkaði. Í gegnum tíðina hafa kynningar verið með formlegu sniði þar sem gjarnan var haft samband við fyrirtæki með kynningarbréfi en nú hefur aðeins dregið úr því. Nú eru formlegheitin minni og við erum í auknum mæli að mæta á staðina og tölum þá við yfirmenn og fáum að spjalla við starfsfólk. Það er mismunandi hvort þetta séu kynningar sem snúa eingöngu að náms- og starfsráðgjöf eða hvort það sé verið að kynna námsleiðir eða starfsemi Þekkingarnets Þingeyinga í heild sinni. Ef svo er þá fer ráðgjafi með og er með erindi um náms- og starfsráðgjöfina. Margir óska eftir viðtali strax og hefur það verið auðsótt mál að fá skrifstofu eða rólegan stað til að bjóða upp á viðtöl í fyrirtækjum. Algengara hefur þó verið að ráðþegar panti tíma hjá ráðgjafa á skrifstofu Þekkingarnetsins. Að okkar mati hefur það gefist vel að bjóða upp á kynningar á vinnustöðum og hafa margir komið í nám hjá okkur eða sótt sér ráðgjöf eftir kynningu á vinnustað.

5.3 Kynning á náms- og starfsráðgjöf ásamt kynningu á námsleiðum FA

Mikil áhersla hefur verið lögð á að kynna náms- og starfsráðgjöfina þegar námsleiðir eru kynntar úti á vinnumarkaðnum. Sú leið hefur verið áhrifarík og hafa einstaklingar sótt í viðtöl og/eða á námsleiðir eftir slíkar kynningar. Áhersla hefur verið lögð á góða samvinnu atvinnurekenda og Þekkingarnetsins í kringum þessar kynningar. Ferlið er í raun svipað því þegar um hina hefðbundnu kynningu á vinnustöðum er að ræða, nema að kynning á námsleið FA fer fram í kjölfar kynningar á náms- og starfsráðgjöf. Árið 2019 var náms- og starfsráðgjöfin kynnt inn á öllum námsleiðum sem haldnar voru hjá Þekkingarnetinu.

5.4 Ráðgjöf

Ráðgjöfin árið 2019 gekk heilt yfir mjög vel. Þekkingarnetinu var þó ekki úthlutað jafn háum fjárhæðum og vonir stóðu til í aukaúthlutun Fræðslusjóðs sem gerði það að verkum að ekki var hægt að verða við eftirspurn á svæðinu þetta árið. Ráðgjöfinni var sinnt víða um svæðið þar sem við leggjum áherslu á að fólk geti sótt náms- og starfsráðgjöf sem næst heimili sínu. Þeir sem mæta í ráðgjöf eru flestir að koma að eigin frumkvæði, eftir kynningu í fyrirtækjum eða stofnunum eða eru skráðir í nám og koma í ráðgjöf í kjölfarið. Áhersla er lögð á að hafa ráðgjöfina sýnilega í samfélaginu og starfsfólk ÞP ferðast því víða um svæðið með kynningar og annað í tengslum við náms- og starfsráðgjöf.

6 HÁSKÓLANÁMSSVIÐ

6.1 Háskólabjónusta: Helstu markmið

	Markmið 2019	Náðist markmið?	Skýringar	Markmið 2020
Námsver · bjónusta og aðstaða	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.	Já	Rekstur eins. Sólarhringsaðgangur, tækniaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl.	Háskólanámsver á Húsavík verði rekið með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.
	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn rekin með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Fjarfundatækni er að breytast og verður búnaður uppfærður m.t.t. þess.	Já	Sólarhringsaðgangur, tækniaðstoð, ráðgjöf, prentun, ljósritun o.fl. Mönnun eins. Enginn nemandi var við nám í framhaldsdeild FL á árinu.	Starfsemi Menntasetursins á Þórshöfn verði með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða. Unnið verði með hlutadeigandi að nýjum leiðum við bjónustu við framhaldsskólanema á Þórshöfn og nærsvæði.
	Opna námsver í Mývatnssveit í samstarfi við Skútustaðahrepp. Bjóða námsaðstöðu í góðu húsnæði.	Já	Fyrsta heila starfsár þekkingarsetursins Mikley. Sólarhringsaðgengi og starfsmaður í 60% starfshlutfalli á staðnum.	Starfsemi námsversins í Mikley verði með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Sólarhringsaðgengi að námsaðstöðu og góð vinnuaðstaða.
	Unnið í auknum mæli með starfsmanni byggðaþróunarverkefnis (AP) á Raufarhöfn. Einnig auka samstarf við fyrirtæki á staðnum.	Já/nei	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn litil á árinu og framboð að sama skapi.	Starfsemi og bjónusta á Raufarhöfn verði með sama hætti og sömu bjónustu og verið hefur. Reynt að auka framboð smærri námskeiða og náms- og starfsráðgjafar.
	Bjóða áfram almenna námsbjónustu á Kópaskeri en vinna einnig í auknum mæli með starfsmanni byggðaþróunarverkefnisins "Óxarfjörður í sókn" að eflingu framboðs í námsveri ÞP á Kópaskeri.	Já	Þjónusta og aðstaða til staðar og óbreytt. Fjarfunda- og lesaðstaða fyrir námsmenn. Eftirspurn litil á árinu og framboð að sama skapi.	Starfsemi og bjónusta á Kópaskeri verði með sama hætti og áður.
	Starfsemi og bjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu bjónustu.	Já	Aðstaða til staðar en litil eftirspurn á árinu.	Starfsemi og bjónusta á Laugum rekin með sama hætti og sömu bjónustu.
	Aðstaða í Kiðagili, Bárðardal verði með sama hætti og áður. Aðstadan býður upp á próftöku og námskeiðshald.	Já	Aðstaða til staðar en litil eftirspurn á árinu.	Aðstaða í Kiðagili, Bárðardal verði með sama hætti og áður. Aðstadan býður upp á próftöku og námskeiðshald.
Námsráðgjöf	Kynna bjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði.	Já	Náms- og starfsráðgjöf var nokkuð umfangsmikil árið 2019 og viðbótarfjarmagn fékkst til ráðgjafar á árinu. Náms- og starfsráðgjafi ÞP fór í fæðingarorlof í október.	Kynna bjónustu og fjarnámsmöguleika í gegnum formlega og óformlega námsráðgjöf. Horfa sérstaklega til fullorðinna á vinnumarkaði t.a.m. með raunfærnimati.
Fjarpróf	Fjarpróf verði boðið með fullri bjónustu, án gjaldtöku, á öllum bjónustustöðum ÞP, eftir óskum skóla og nemenda.	Já	Fjarprófabjónusta var í boði fyrir skóla á öllum bjónustustöðum ÞP.	Fjarpróf verði boðið með fullri bjónustu, án gjaldtöku, á öllum bjónustustöðum ÞP, eftir óskum skóla og nemenda.

Háskólanám	<i>Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.</i>	Já	Áframhaldandi samstarf við þekkingarsetur og háskólasetur. Unnið að samstarfssamningum með öðrum þekkingarsetrum.	<i>Auka samstarf á faglegum og hagnýtum nótum við önnur þekkingarsetur. Stefna að því að formgera samstarf við önnur háskólanámssetur/þekkingarsetur.</i>
Fjarfundabúnaðir	<i>Koma á þróunarverkefni um fjarfundanotkun í héraðinu. Stefna að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.</i>	Já	Fjarfundamenning var valið sem eitt af áhersluverkefnum Eyþings í upphafi árs. Verkefnið er unnið í samstarfi við Símei og mun ljúka í upphafi árs 2020. Sótt var um styrk til Uppbyggingarsjóðs Eyþings fyrir þróunarverkefni um fjarvinnustöðvar í héraðinu.	<i>Áframhald þróunarverkefna um fjarfundanotkun og fjarvinnustöðvar í héraðinu. Áfram unnið að samstarfi um bætt vinnulag fjarfunda innan og milli stofnana og sveitarfélaga.</i>

6.2 Námsver og þjónusta


Þekkingarnet Pingeyinga sinnir allri þjónustu við fjarnema háskóla og eftir atvikum annarra skóla á starfssvæði sínu. Þannig er vinnuaðstaða háskólanema orðin meðal sjálfsagðra innviða hins íslenska skólakerfis, þar sem allir háskólar og fjarnámsskólar aðrir samnýta aðstöðuna fyrir sitt fólk. Á árinu 2019 bauð Þekkingarnetið vinnuaðstöðu fyrir námsmenn með mannaðri þjónustu á dagvinnutíma og aðgengi allan sólarhringinn á Húsavík, Þórshöfn og í nýju námsveri í Mývatnssveit, sem opnað var haustið 2018. Á Kópaskeri, Raufarhöfn og á Laugum er þjónusta fyrir námsmenn í boði til fjarprófahalds og fjarfunda og vinnuaðstaða með samkomulagi hverju sinni. Framhaldsdeild Framhaldsskólans á Laugum var ekki starfrækt árið 2019 í Menntasetrinu á Þórshöfn og mun Þekkingarnetið leitast við að eiga samstarf um viðbrögð við þeirri stöðu á árinu 2020.

Sem fyrr hafa háskólanámsverin og þjónustan reynst afar mikilvægir þættir í starfsemi Þekkingarnetsins í samfélaginu. Samneyti starfsmanna Þekkingarnetsins við námsfólk í fjarnámi hefur reynst báðum aðilum afar ánægjulegt og farsælt fyrirkomulag. Námsverið í Þekkingarsetrinu á Húsavík er mikið notað af háskólanemum. Regluleg notkun er á dagvinnutíma þar sem fjarnemar stunda sitt nám, með fjarfundasókn og netkeyrðu námi, og eins er mikið um nýtingu lesaðstöðu um kvöld og helgar. Undanfarin misseri hefur einnig borið meira á því að yngri háskólanemar komi til dvalar um nokkurra vikna skeið í foreldrahúsum og nýti aðstöðu námsveranna til vinnu. Þetta er helst í kringum prófatímabilin í nóvember/desember og apríl/maí ár hvert og hefur þessi þróun valdið jákvæðni í samfélaginu, þar sem ávinningur er margþættur af því að lengja dvalartíma ungs námsfólks í sinni heimabyggð.

6.3 Fjarpróf

Þekkingarnetið tekur að sér framkvæmd og yfirsetu fjarprófa fyrir alla skóla og nema sem þess óska innan starfssvæðis Þekkingarnetsins. Ekki er tekið gjald fyrir þá umsýslu. Alls voru tekin 246 fjarpróf á fjórum stöðum í héraðinu frá alls 15 skólum á vegum Þekkingarnetsins árið 2019.

Þekkingarnetið vinnur eftir eigin prófreglum sem stofnunin hefur sett sér og birt á heimasíðu sinni: <http://www.hac.is/haskolanam/profreglur/>. Þessar reglur eru byggðar á venjum og reglum háskólanna og voru þær bornar undir prófstjóra Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri áður en þær voru staðfestar með formlegum hætti af stjórn stofnunarinnar. Ennfremur var tekin sú ákvörðun að bjóða fjarprófabjónustu á grunni þessara prófreglna á öllum þjónustustöðum Þekkingarnetsins. Ef ekki kemur til ákvörðun samstarfsskólanna um að takmarka sína þjónustu er því fjarprófabald í boði á sjö stöðum í héraðinu.



Mynd 13. Fjöldi fjarprófa á vegum Þekkingarnetsins árið 2019

7 RANNSÓKNASVIÐ

7.1 Rannsóknir: Helstu markmið

	Markmið 2019	Náðist markmið?	Skýringar	Áætlun 2020
<i>Starfsmannahald</i>	Verkferlum og gæðastefnu viðhaldið og uppfært eftir þörfum. Sumarnemum sem og öðru starfsfólki komið vel inn í þessa ferla. Skilgreina þarf betur skipulag og verkferli við yfirlestur og lokaiútgáfu á efni. Einnig þarf að skipuleggja umgjörð og uppbyggingu verktilboða.	Já	Vel tókst til að nýta mannafla í teymisvinnu þar sem starfsmenn sinnu bæði símenntunar- og rannsóknasviði. Gæðastefna og verkferlar yfirfarin á sérstökum fundi með sumarnemum. Verkferlar innan rannsóknasviðs skilgreindir betur auk þess sem útbúin var sérstök verðskrá fyrir útselda vinnu.	Aukin áhersla verði lögð á þróunarverkefni í samstarfi við atvinnulífið og sveitarfélög á svæðinu. Leitað leiða til að nýta hagnýtar svæðisbundnar rannsóknir í þágu nærsamfélagsins.
<i>Rannsóknaverkefni háskólanema</i>	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.	Já	Enginn styrkur fékkst úr Nýsköpunarsjóði námsmanna né frá Vinnuálastofnun. Þó náðist að fjármagna með öðrum hætti fjögur störf sumarnema	Staðið verði fyrir 2-4 tímabundnum rannsóknaverkefnum í samstarfi við háskólanema.
<i>Innlend rannsóknar/ráðgjafarverkefni</i>	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði.	Já	Samningur við Landsvirkjun um vinnu við Sjálfbærni-verkefnið hélt áfram og vinna við verkefnið var nokkuð stöðug allt árið. Gefin var út skýrsla með niðurstöðum búsetugæðarannsóknar og mannfjöldapróunar í Þingeyjarsýslum. Unnið var með Norðurþingi að gerð forvarnarstefnu í tengslum við verkefnið Heilsueflandi samfélag. ÞP kom að úrvinnslu gagna í könnun meðal erlendra ferðamanna á áfangastöðum sem er á vegum RMF og Ferðamálastofu. Samstarf var við Skútustaðahrepp um mælingar á hamingju íbúa með símtalskönnun. Óskað hefur verið eftir áframhaldandi samstarfi þar. Einnig voru nokkur minni verkefni innan héraðs leyst af hendi.	Seld verði þjónustuverkefni við upplýsingaöflun og rannsóknir eftir því sem kostur er innan héraðs. Áhersla á sveitarfélög og fyrirtæki í héraðinu. Stefnt að áframhaldandi samningum um Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar og að sú vinna verði umfangsmeiri. Sérstök áhersla verður á að sækja um rannsóknarstyrki í innlenda sjóði. Aukin áhersla verði lögð á kynningu niðurstaðna rannsókna- og þróunarverkefna, m.a. með þátttöku í ráðstefnum.

<p style="writing-mode: vertical-rl; transform: rotate(180deg);">Erlend rannsóknaverkefni</p>	<p>Unnið verður í ERASMUS verkefnum sem ÞP er þátttakandi í. Fundir verða í báðum verkefnum á Ítalíu í maí, auk þess sem byrjunarfundur Solopreneur er í janúar í Brussel.</p> <p>Haldið skal vel utan um skipulag í Sustain-It og verkefnisstjóri ÞP fer á námskeið á vegum Erasmus í stjórnun verkefna.</p> <p>Áfram verður unnið að tengslamyndun og allar tillögur um samstarfsverkefni skoðaðar.</p> <p>Starfsmenn sækja ráðstefnur erlendis ef kostur er til að vikka út samstarfsramma og þekkingu.</p>	<p>Já</p>	<p>Núverandi erlend samstarfsverkefni eru Erasmus+ verkefni SUSTAIN IT og SOLOPRENEUR.</p> <p>Þekkingarnetið er verkefnastjóri í SUSTAIN IT verkefninu og leiðir hóp átta samstarfsaðila. Annar fundur verkefnisins var haldinn í Pescara á Ítalíu í maí. Áfangaskýrsla var skilað um áramót en verkefninu lýkur 1. desember 2020. Í tengslum við verkefnið sótti verkefnisstjóri Þekkingarnetins námskeið fyrir verkefnastjóra á Írlandi á vegum Erasmus+. Annar fundur samstarfsaðila í Solopreneur var einnig haldinn á Ítalíu og sóttu tveir verkefnisstjórar Þekkingarnetins hann.</p> <p>Viðræður við hugsanlega samstarfsaðila um nýjar Erasmus+ umsóknir fóru af stað í haust.</p>	<p>Í janúar fer verkefnastjóri Þekkingarnetins til frönsku eyjunnar Martinique á þriðja fund samstarfsaðilanna í SOLOPRENEUR. Í febrúar fer verkefnastjóri á þriðja fund samstarfsaðila í SUSTAIN IT í Malaga á Spáni. Þetta er lokaár SUSTAIN IT og SOLOPRENEUR og verða afurðir þess þrífukerfið og kynntar á svæðinu. Síðustu fundir samstarfsaðilanna verða haldnir í haust. Sérstakir kynningarfundir á verkefnum verða haldnir í haust þar sem fjallað verður um niðurstöður verkefnanna. Stefnt er að því að senda inn eina umsókn um Erasmus+ verkefni og vera samstarfsaðili í umsókn um annað.</p>
<p style="writing-mode: vertical-rl; transform: rotate(180deg);">Samstarf - rannsóknir og þróun</p>	<p>ÞP verði leiðandi afl í samstarfi stofnana á sviði fræðslu og rannsókna í héraðinu.</p> <p>Kannaðir verði kostir á auknu samstarfi stofnana til fagleggrar og fjárhagslegrar samlegðar.</p>	<p>Já</p>	<p>ÞP leiðir samstarf stofnana innan veggja á Hafnarstétt 3 og einnig samstarf við Framhaldsskólann á Laugum í Menntasetrinu á Þórshöfn. Tímabundinn samningur var gerður við FL um umsýslu við deildina á Þórshöfn.</p> <p>Áframhald var á 30% starfshlutfalli starfsmanns ÞP á Þórshöfn fyrir sveitarfélagið Langanesbyggð. Sveitarstjórn hefur lýst yfir ánægju með samstarfið og árangur þess á árinu. Samningi var þó sagt upp frá 1. okt. vegna breytinga á starfi ÞP starfsmanns og lokaskýrslu skilað. LNB þakkaði gott samstarf.</p>	<p>Hafin verði vinna á árinu 2020 við að þróa nýja gerð þekkingarseturs á stærri skala á Húsavík. Áhersla á að mynda og útfæra samstarfsklasa stofnana og stöðkerfis með það að markmiði m.a. að geta brugðist við áskonunum og tækifærum 4. iðnbyltingarinnar í dreifðari byggðum.</p> <p>Húsnæðiskostir og aðrir hagnýtir þættir endurskoðaðir í samhengi við framangreint.</p>
<p style="writing-mode: vertical-rl; transform: rotate(180deg);">Upplýsingasöfnun í héraðinu</p>	<p>Árlegri útgáfu á grunnupplýsingum um íbúa- og samfélagsþróun á starfssvæði ÞP verði haldið áfram. Ákveðnir þættir teknir til skoðunar sem samstillast við lýðfræðivisa í sjálfbærni- og verkefni Landsvirkjunar.</p>	<p>Já</p>	<p>Skýrsla um mannfjöldapróun var tekin aðeins dýpra en vanalega þar sem áratugurinn 2009-2018 var greindur niður fyrir sveitarfélög.</p>	<p>Lögð áhersla á að taka saman og miðla hagnýtum upplýsingum um samfélags- og byggðapróun á starfssvæðinu.</p> <p>Þróa nýjar leiðir til að miðla/kynna - t.d. með útgáfu á knappara formi "þingeyjarsýslur í tölum".</p>

Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna úr rannsóknum ÞP, bæði innan héraðs og utan, m.a. með þátttöku í málþingum og ráðstefnum sem og með greinarskrifum.

Já

Þau verkefni sem unnin voru á árinu voru kynnt eftir því sem kostur var. Evrópuverkefni voru kynnt á viðeigandi vettvangi sem og á heimasíðu ÞP.

Þekkingarnetið stóð fyrir málþingi í febrúar um rannsóknir í héraði og átti fulltrúa á fjölmörgum öðrum ráðstefnum og málþingum. Þar má m.a. nefna árlega ráðstefnu um íslenska þjóðfélagið, Þjóðarspegil HÍ, Byggðafræðiráðstefnu í Prándheimi, málþing í HA, vísindakaffi á vegum Rannis ofl. Kynningar starfsmanna ÞP eru nánar tilgreindar í kafla 8.

Lögð verði áhersla á aukna kynningu verkefna og niðurstaðna á ráðstefnum og með greinarskrifum.

Þróa leiðir til að kynna og miðla á knappara formi (sbr. ofan).

7.2 Rannsóknastarfsemin

Rannsókn- og þróunarstarfsemi Þekkingarnetsins felst í meginatriðum í eftirfarandi þáttum:

- *Rannsóknþjónusta*; þ.e. þjónusta, upplýsingagjöf og aðstaða fyrir rannsakendur á svæðinu.
- *Eigin rannsóknaverkefni* Þekkingarnetsins.
- *Útseld rannsókn- og ráðgjafarvinna* starfsfólks Þekkingarnetsins.
- *Rannsóknaverkefni* sem unnin eru í samstarfi við háskólanema.
- *Ýmis þróunar- og rannsóknaverkefni* í samstarfi við aðrar stofnanir.
- *Þátttaka í faglegri umræðu* innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs.

Rannsóknþjónusta

Þekkingarnetið hefur það hlutverk samkvæmt skipulagsskrá og samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið að vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í Þingeyjarsýslum. Þekkingarnetið sinnir þessu hlutverki með ýmsum hætti. Til að mynda hýsir það rannsakendur og aðstoðar þá sem sinna rannsóknum á svæðinu. Er það gert með því að veita þeim aðgang að húsnæði, tækjum og netkerfi Þekkingarnetsins auk þess sem ráðgjöf er veitt með formlegum og óformlegum hætti við rannsóknastarf.

Þessi rannsóknþjónusta er veitt ýmsum aðilum, eftirtöldum helst:

- *Starfsfólki rannsóknastofnana,*
- *rannsakendum á vegum háskóla á Íslandi,*
- *námsfólki í rannsóknaverkefnum,*
- *sjálfstæðum rannsakendum (íslenskum og erlendum).*

Eigin rannsóknaverkefni Þekkingarnetsins 2019

Þekkingarnetið hefur einnig ákveðnar skyldur til frumkvæðis að rannsókn- og þróunarstarfi í héraðinu. Þannig er leitast við að afla þekkingar á samfélagi eða umhverfi með rannsóknastarfi og þátttöku í ýmsum þróunarverkefnum. Helstu verkefni ársins 2019 voru eftirfarandi:

Búsetugæði í Þingeyjarsýslum

Unnið var úr niðurstöðum búsetugæðakönnunar sem framkvæmd var árið 2018. Skýrsla með niðurstöðunum kom út í desember 2019. Markmið könnunarinnar var að fá fram almennt viðhorf íbúa í Þingeyjarsýslum til ýmissa samfélagsþátta, þjónustu og búsetuskilyrða. Hún er hliðstæð og samanburðarhæf við rannsókn sem ÞP framkvæmdi árið 2009 og því eru niðurstöður beggja rannsókna bornar saman í skýrslunni. Endurspeglar það mat íbúa á ýmsum þáttum er viðkoma þjónustu og búsetugæðum á svæðinu á tímabilinu. Könnunin var sett upp sem netkönnun og hringt var í úrtak Þingeyinga og þátttöku þeirra óskað.

Mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum

Líkt og fyrri ár kom út skýrsla um mannfjöldaþróun í Þingeyjarsýslum. Markmið verkefnisins er að fylgjast með byggðaðróun og hvernig sá mannfjöldi sem býr í Þingeyjarsýslum skiptist niður á

svæði, aldur og kyn. Tölur og útreikningar byggja á talnaefni frá Hagstofu Íslands og er miðað við þann mannfjölda sem mældur er 1. janúar ár hvert. Skýrslan var tekin aðeins dýpra en vanalega þar sem áratugurinn 2010-2019 var greindur niður fyrir sveitarfélög.

Þingeyyska snjallkistan

Þekkingarnet Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hafa síðastliðin tvö ár unnið saman að verkefni sem ber heitið Tæknimennt sem byggðaaðgerð en það var styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands. Verkefnið hefur það markmið að ýta undir tæknimennt og stafræna færni í grunnskólum á svæðinu enda alveg óhætt að segja að aukin færni til framtíðar sé mikilvægt byggðamál. Nú hefur verið settur saman spennandi dótakassi, sem ber heitið Þingeyyska snjallkistan. Þar kennir ýmissa grasa af kennslugögnum sem ætluð eru til að kenna og auka færni nemenda í forritun, kóðun, rafmagnsfræði, rýmisgreind, rökhugsun o.fl. sem allt byggir undir tækniþekkingu og færni barna, viðheldur eðlislegri forvitni þeirra og frumkvöðlahæfileikum. Snjallkistan stendur öllum grunnskólum á starfssvæði ÞP og AP til boða og hefur verið kynnt skólunum, en hún mun ganga á milli skólanna samkvæmt samkomulagi þar um. Verkefnið er hugsað til tveggja ára og miðar að því að skólarnir fái að kynnast þessum kennslugögnum, með von um að það örvi áhuga nemenda og kennara þar og að þeir eigi auðveldara með í framtíðinni að velja góð tæki til kennslu þegar kemur að tæknimenntun.

Útseld rannsókn- og ráðgjafavinna

Sala á sérfræðivinnu var nokkuð mikil á árinu. Stærstur hlutinn tengdist Sjálfbærni- og ráðgjafavinnu á Norðausturlandi sem rekið er af Landsvirkjun en einnig var nokkuð um smærri verkefni sem Þekkingarnetið hafði aðkomu að.

Sjálfbærni- og ráðgjafavinnu á Norðausturlandi

Um er að ræða vöktunarverkefni þar sem fylgst er með þróun mála á sviði samfélags, umhverfis og efnahags á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til og með Tjörneshreppi í austri. Upphaflega var Þekkingarneti Þingeyinga falið að útfæra tillögu að verkefnisáætlun og skipuriti verkefnisins auk þess að skilgreina hlutverk aðila verkefnisins og reikna út kostnað vegna reksturs þess. Á síðari stigum varð hlutverk Þekkingarnetsins að afla gagna, greina þau og gera aðgengileg. Á árinu 2019 voru gögn verkefnisins í fyrsta skipti gerð opinber þegar vefsíða þess www.gaumur.is var opnuð á fyrsta ársfundi þess sem haldinn var á Húsavík í maí. Eftir þónokkur ár þar sem unnið hefur verið að þróun verkefnisins, mótun mælikvarða þess, allt í umtalsverðu samráði við hvort tveggja hagsmunaaðila og almenning, er það komið á þann stað að hluti af starfinu við framkvæmd þess er að verða að rútinu þar sem gagna er aflað, unnið úr þeim og þau sett fram á vefsíðu verkefnisins.

Árbók Þingeyinga

Samkvæmt samningi við sveitarfélagið Norðurþing sér Þekkingarnet Þingeyinga um gagnaöflun og framsetningu þeirra vegna pistils um sveitarfélagið í Árbók Þingeyinga. Sveitarfélagið er viðfeðmt og byggir að hluta á litlum samfélögum gömlu hreppanna Reykjahrepps, Kelduneshrepps, Öxarfjarðahrepps og Raufarhafnarhrepps og að hluta þéttbýlissamfélaginu á Húsavík. Leitast er við að afla gagna sem víðast úr sveitarfélaginu bæði í landfræðilegum og samfélagslegum skilningi svo að sérkenni hvers hluta samfélagsins í Norðurþingi komi fram. Gagnaöflunin nær til skólustarfs, menningarstarfsemi, íþrótt- og tómstundastarfs, sjávarútvegs,

landbúnaðar, veiði í ám og vötnum, rannsóknar- og þróunarstarfsemi, menntunar og hvers kyns félagsstarfs.

Heilsueflandi samfélag

Norðurþing óskaði eftir aðkomu Þekkingarnetsins að gagnaöflun og gerð stöðumats í tengslum við lýðheilsuverkefnið Heilsueflandi samfélag sem sveitarfélagið tekur þátt í. Gagnaöflun hefur farið fram og áætluð kynning á greiningarvinnu er í upphafi árs 2020 á fundi fjölskylduráðs Norðurþings.

Hamingja íbúa Skútustaðahrepps

Þekkingarnetið vann á árinu netkönnun og niðurstöðuskýrslu fyrir sveitarfélagið Skútustaðahrepp um líðan og hamingju íbúa. Óskað var eftir áframhaldandi samstarfi á komandi ári þar sem könnunin verður framkvæmd aftur og niðurstöður kynntar.

Erlendir ferðamenn á áfangastöðum

Þekkingarnetið hafði á árinu aðkomu að verkefni Rannsóknamiðstöðvar ferðamála um ferðavenjur og útgjöld erlendra ferðamanna á áfangastöðum sumarið 2019 þar sem ÞP sá um útreikning meðalútgjalda ferðamanna á sólarhring.

Fjölmenningarstefna

Þekkingarnetið sá um verkefnastjórn í undirbúningsvinnu við gerð fjölmenningarstefnu Skútustaðahrepps. Afurð verkefnisins var skýrsla með tillögu að stefnunni.

Langanesbyggð

Starfsmaður ÞP á Þórshöfn hélt áfram vinnu fyrir Langanesbyggð en samstarfssamningur er við sveitarfélagið um ákveðin föst verkefni. Þar var unnið að styrkumsóknum og fjármögnun sérverkefna fyrir Langanesbyggð. Einnig smærri verkefni eins og uppfærslu upplýsinga á heimasíðu, í auglýsinga- og ferðaþjónustubæklinga, samskipti við ferðaþjónustuaðila. Vinna við fjármögnun verkefna bar góðan árangur. Samstarfi lauk 1. nóvember þar sem samningi var sagt upp af hálfu ÞP vegna breyttra aðstæðna starfsmanns sem þessu starfi sinnti. Lokaskýrslu um helstu verkefni var skilað og þakkaði sveitarstjórn vel unnin störf að því loknu.

Rannsóknaverkefni háskólanema

Sumarið 2019 voru fjórir háskólanemar starfandi að verkefnum hjá ÞP, m.a. við hamingjukönnun, mannfjöldaþróun og tvö Evrópuverkefni. Enginn styrkur fékkst frá Nýsköpunarsjóði námsmanna eða Vinnumálastofnun til að ráða nema svo fjármögnun fór fram eingöngu úr verkefnasjóði sem Þekkingarnetið heldur utan um í samstarfi við sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum.

Þróunar- og rannsóknaverkefni í samstarfi við aðra stofnanir

SUSTAIN-IT

Sustainable Tourism Innovative Training (SUSTAIN-IT) er Erasmus+ samstarfsverkefni sem Þekkingarnetið leiðir en Nýheimar á Höfn og stofnanir á Írlandi, Kýpur, Spáni, Ítalíu og Belgíu taka einnig þátt í verkefninu. Markmið þess er að auka samkeppnishæfni fyrirtækja í ferðaþjónustu sem vinna í anda sjálfbærrar þróunar með því að þróa nýja, hagnýta og framkvæmanlega starfsmenntun fyrir stjórnendur í ferðaþjónustu. SUSTAIN-IT starfsmenntunin mun annars vegar vera hefðbundin kennsla og hins vegar fræðsla sem er aðgengileg á vefsíðunni <http://www.sustainit.eu/index.php>. Verkefnið er til tveggja ára og áætluð verklok eru í desember 2020.

SOLOPRENEUR

Self-Employability in Remote Regions of Europe (SOLOPRENEUR) er einnig Erasmus+ samstarfsverkefni með það að markmiði að þróa námsefni sérstaklega hannað til að auka starfshæfni einstaklinga, t.d. atvinnuleitenda, auk þeirra sem vilja breyta um starfsvettvang eða eru að leita að nýjum tækifærum í sjálfstæðum rekstri eða frumkvöðlastarfsemi. Þessu markmiði verður náð með því að þróa viðeigandi lausnamiðað námsefni og hagnýt verkfæri, sem allt verður aðgengilegt á netinu <http://www.solo-preneur.eu/index.php>. Samstarfsaðilar í verkefninu koma frá Belgíu, Ítalíu, Kýpur, Martinique og Spáni. Verkefnið er til tveggja ára og áætluð verklok eru í desember 2020.

Samfélagsleg áhrif á búsetu ungra kvenna

Í september var undirritaður samstarfssamningur um doktorsverkefni Grétu Bergrúnar Jóhannesdóttur. Þekkingarnetið er aðili að verkefninu, ásamt Byggðastofnun og Háskólanum á Akureyri, auk Jafnréttissjóðs Íslands sem hefur styrk verkefnið til tveggja ára. Verkefnið hófst í janúar 2019 og er ætlað til fjögurra ára. Rannsóknin snýr að samfélagslegum áhrifum á búsetu ungra kvenna í sjávarbyggðum, þar sem horft er í samfélagslega þætti sem geta haft áhrif á byggðafestu og búsetuánægju kvenna. Gréta Bergrún vinnur verkefnið að hluta innan Þekkingarnetsins, hefur þar vinnuáðstöðu og mun verkefnið að einhverju leiti vera samtvinnað hennar vinnu næstu árin, en hún hóf eins árs námsleyfi 1. september 2019.

Þátttaka í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs

Samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið er hlutverk Þekkingarnetsins m.a. að taka virkan þátt í faglegri umræðu innan og utan héraðs um þróun rannsókna og háskólastarfs. Á árinu 2019 stóð ÞP fyrir málþingi um rannsóknir í héraði og tók þátt í nokkrum ráðstefnum utan héraðs auk þess sem það sá um skipulag og framkvæmd á alþjóðlegri jarðskjálftaráðstefnu á Húsavík.

Jarðskjálftaráðstefna - Workshop on Earthquakes in North Iceland

Dagana 21. - 24. maí var í þriðja skipti haldin ráðstefna og vinnustofur um jarðskjálfta á Húsavík. Ráðstefnan er haldin að frumkvæði KAUST, Veðurstofu Íslands, Háskóla Íslands og Háskólans

á Akureyri. Þekkingarnet Þingeyinga sá framkvæmd og utanumhald ráðstefnunnar líkt og árin 2013 og 2016. Markmið ráðstefnunnar var að fá yfirlit yfir nýjustu rannsóknir á jarðskjálftum á svæðinu, orsökum þeirra, eðli, áhrifum og ennfremur að kynna hagnýtingu rannsóknar- niðurstaðna. Alls sóttu 47 manns ráðstefnuna í þetta skiptið, þeirra á meðal um 20 erlendir nemendur og vísindamenn frá 14 löndum. Í tengslum við ráðstefnuna var haldinn kynningarfundur fyrir íbúa á Norðurlandi þar sem sérfræðingar og almannavarnaáðilar ræddu jarðskjálftavirkni, eftirlit og viðbrögð. Ráðstefna sem þessi er afar mikilvæg þar sem þarna koma saman vísindamenn á sviði verkfræði, jarðhræringa, jarðvár og almannavarna og gera grein fyrir yfirstandandi rannsóknum og benda jafnframt á hvar og hvers konar rannsókna er þörf til að fylla í eyður og til að geta gefið greinarbetri upplýsingar til íbúa þegar jarðvá er yfirvofandi eða stendur yfir. [Ráðstefnurit](#) með ágripum og stuttum greinum um það efni sem fjallað var um á ráðstefnunni má finna á heimasíðu ÞP.

Málþing Þekkingarnets Þingeyinga um rannsóknarstarf í héraði

ÞP stóð fyrir málþingi á Fosshótel Húsavík þar sem kynntar voru rannsóknir úr heimahéraði og umræður um hvert skal stefna í rannsóknarstarfi í héraðinu. Kristján Þór Magnússon sveitarstjóri Norðurþings var fundarstjóri og fjöldi erinda var alls sex talsins. Alls mættu um 80 manns og sköpuðust áhugaverðar og gagnlegar umræður á málþinginu. Erindin tengdust öll starfssvæði ÞP og megin inntak þeirra var m.a. móttaka íbúa af erlendum uppruna, ferðaþjónusta, sjálfbærni, mannfjöldaþróun og búsetugæði.

Aðrar ráðstefnur og málþing

Starfsmenn Þekkingarnets Þingeyinga tóku þátt í nokkrum öðrum ráðstefnum á árinu, m.a.

- 13. ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið, Háskólanum á Hólum í Hjaltadal
- Þjóðarspegillinn XX, Ráðstefna í félagsvísindum, Reykjavík
- Mobilities and Transnationalism in the 21st century, Reykjavík
- XXVIII European Society for Rural Sociology Congress, Trondheim.
- Málþing um menntunarþarfir atvinnulífsins í Háskólanum á Akureyri.
- Vísindakaffi á vegum Rannís.

7.1 Yfirlit verkefna á rannsóknasviði

	Verkefni	Gerð verkefnis	Samstarf	Framkvæmd	Tími
Eigin verkefni	Mannfjöldaþróun á starfssvæðinu	Rannsóknar-/þróunarverkefni skýrsla	Eigið verkefni	GBJ, HEI, SP	2019
	Búsetugæði í Þingeyjarsýslu	Rannsóknarverkefni/skýrsla	Eigið verkefni	ÓH, GBJ, HEI, LBR	2019
	Proceedings of the Northquake 2019 Workshop	Ráðstefnurit	KAUST, Veðurstofa Íslands, HÍ, Háskólinn á Akureyri	GBJ, ÓH	2019
	SUSTAIN IT	Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni, Ítalíu, Írlandi, Kýpur og Íslandi.	AD, GBJ, HVG, LBÁ	2019
	SOLOPRENEUR	Gagnavinnsla og skipulag	Samstarfsaðilar frá Belgíu, Spáni ofl.	GBJ, HVG, AD, LBÁ	2019
Útseld vinna og ráðgjöf	Sjálfbærni-verkefni Landsvirkjunar	Útsala/ráðgjöf	Landsvirkjun	HEI, ÓH, GBJ	2019
	Norðurþing - heilsueflandi samfélag	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	AD, LBR	2019
	Upplýsingaöflun og ritunarvinna vegna Árbókar Þingeyinga	Útsala/ráðgjöf	Norðurþing	HEI, SP	2019
	Verkefnastjórn við gerð fjölmenningsstefnu Skútustaðahrepps	Útsala/ráðgjöf	Skútustaðahreppur	AD	2019
	Erlendir ferðamenn á áfangastöðum sumarið 2019. Útgjaldagreining	Útsala/ráðgjöf	Rannsóknamiðstöð ferðamála	LBR	2019
	Hamingja og velliðan í Mývatnssveit - íbúakönnun	Útsala/ráðgjöf	Skútustaðahreppur	GBJ	2019

7.2 Þróunarvinna, gæðamál

Þekkingarnetið hefur á undanförunum árum unnið að því jafnt og þétt að auka gæði í rannsóknastarfi sem fram fer á vegum stofnunarinnar. Árið 2014 var unnin gæðastefna, þá hafa verið unnar leiðbeiningar fyrir skýrsluskrif, verkferill fyrir rannsóknir og leiðbeiningar fyrir sumarstarfsmenn sem koma að vinnu við rannsóknaverkefni eða vinna rannsóknir í samstarfi við Þekkingarnetið. Segja má að frá árinu 2014 hafi gæðastefnan ásamt leiðbeiningum og verkferlum verið í stöðugri umbótavinnu í þeim tilgangi að auka og tryggja gæði rannsóknastarfsins. Stundum liggur allt sviðið og verkefni þess undir en stundum verða stök verkefni til þess að gæðastarf sé endurskoðað að hluta til eða í heild. Það var tilfellið á árinu 2019. Þekkingarnetið heldur utan gagnaöflun, úrvinnslu og birtingu gagna fyrir Sjálfbærni-verkefnið á Norðurlandi. Hingað til hefur sú vinna verið að mestu á höndum eins starfsmanns en með endurskoðun með tilliti til gæða hefur verið settur upp ferill sem felur í sér að fleiri starfsmenn koma nú að vinnu við verkefnið og úrvinnslu gagna við hvern vísu. Með því er dregið úr áhættu við að röng gögn séu birt á vefnum www.gaumur.is og þar með gæði við þess háttar rannsóknavinnu aukin. Nýtt ferli við gagnaöflun, úrvinnslu og birtingu verður innleitt á árinu 2020.

8 KYNNING

8.1 Framsögur og fyrirlestrar

Á árinu 2019 stóð Þekkingarnetið fyrir fyrirlestrum og framsögum, ýmist á eigin vegum eða í samstarfi við aðrar stofnanir.

- Óli Halldórsson - *Þekkingarsetur - kynning* – Kynning á samþættingu símenntunar, rannsókna og háskólanámsþjónustu fyrir stjórn og starfsfólk Nýheima. 6. feb. 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Búseta í Þingeyjarsýslum* –Málþing Þekkingarnets Þingeyinga um rannsóknarstarf í héraði 28. febrúar 2019.
- Óli Halldórsson - *Rannsóknir í eigin ranni* –Málþing Þekkingarnets Þingeyinga um rannsóknarstarf í héraði 28. febrúar 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Jafnréttisviðhorf í minni byggðarlögum og kynbundnir samfélagslegir þættir*. 13. Ráðstefnan um íslenska þjóðfélagið. Háskólanum á Hólum 16.-17. maí 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Young woman in fishing villages in Iceland – migration and social context*. Byggðafræðiráðstefna í Prándheimi í Noregi 24-26. júní 2019
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Samfélagsleg áhrif slúðurs* - Fyrirlestur á félagsvísindatorgi í Háskólanum á Akureyri 11. september 2019
- Óli Halldórsson - *Fræðsla og atvinnulíf* – Málþing í Háskólanum á Akureyri um hvernig menntunarþörfum atvinnulífs á starfssvæði Eyþings skuli mætt. 18. sept. 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Saga til næsta bæjar* – vísindakaffi á vegum Rannís, Amtsbókasafnið á Akureyri 26. september 2019. Opnar umræður og hugleiðingar um slúður og jafnréttismál.
- Óli Halldórsson - *Þekkingarsetur, þróun og framtíð* - Ársfundur þekkingarsetra á Íslandi, Reykjavík, september 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Jafnréttisviðhorf og samfélagsleg áhrif í minni byggðarlögum – ungar konur og búferlaflutningar*. Fyrirlestur á Alþýðusambandsþingi á Illugastöðum 27. september 2019.
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir - *Byggðafesta ungra kvenna – áhrifavald slúðurs*. Þjóðarspegill í Háskóla Íslands 1. nóvember 2019
- Gréta Bergrún Jóhannesdóttir *Saga til næsta bæjar?* Rannsóknarsetur HÍ á Austurlandi 25. nóvember 2019 – hádegisfyrirlestur upp úr fyrstu rannsóknarniðurstöðum í megindlegum gögnum og prufuviðtölum
- Helena Eydís Ingólfsdóttir - *Gefðu því gaum -Sjálfbærni-verkefnið á Norðausturlandi* – Málþing Þekkingarnets Þingeyinga um rannsóknarstarf í héraði 28. febrúar 2019.

- Lilja B. Rögnvaldsdóttir - *Erlendir ferðamenn á Egilsstöðum sumrin 2016 og 2018.*
Haustfundur ferðaþjónustunnar á Austurlandi. Sláturhúsinu á Egilsstöðum
14. nóvember 2019.

Útgefið efni á vegum Þekkingarnetsins er birt á heimasíðu stofnunarinnar www.hac.is

Starfsfólk Þekkingarnetsins hélt fleiri framsögur og kynningar í héraði í tengslum við störf stofnunarinnar sem ekki eru tilgreindar hér, t.a.m. inni á vinnustöðum og í tengslum við almenna kynningu verkefna og þjónustu stofnunarinnar.

9 STARFSEMI Í MYNDUM



Pingeyska Snjallkistan er samstarfsverkefni ÞP og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Um er að ræða kistu hlaðna margvíslegum kennslugögnum sem gerð eru til að kenna og vekja áhuga nemenda og kenna forritun, kóðun, rýmisgreind, rafmagnsfræði ofl. Snjallkistan ferðast á milli skóla á vinnusvæði ÞP og hefur hlotið mjög góðar viðtökur í flestum grunnskólum svæðisins.

Pekkingarnetið leggur mikið uppúr góðum tengslum starfsfólksins á öllum starfsstöðum og því eru vikulegir vinnufundir fastir liðir, þar er nútímatækni mikilvæg. Húsavík - Mývatnssveit - Þórshöfn var það þennan morguninn.



Mikið var um að vera í Evrópuverkefnum á árinu hjá Pekkingarnetinu. Hér eru starfsmenn á fundi í Brussel með samstarfsaðilum í verkefninu Sustain-It.



Það er fjölmennit lið sem stendur að baki Sjálfbærni-verkefninu á Norðurausturlandi. Myndin er af stýrihópsfundum verkefnisins sem haldinn var í Mývatnssveit í nóvember 2019.

Þekkingarnetið tók upp nýja stefnu í «orkugjöfum» til námsmanna í prófatið. Í ár voru það lifrænar Akurselsguldætur og rófur sem fóru í nammiskálarnar í setrinu. Árangur nemenda í jólaprófunum var enda sérlega góður í ár!



Haustið 2019 voru liðin fimmtán ár frá því að Þekkingarnet Þingeyinga og Náttúrustofa Norðausturlands hófu formlega starfsemi undir einu þaki Þekkingarseturs á Húsavík. Blásið var til afmælisveislu þar sem bæjarbúum og öðrum velunnurum var boðið í opið hús þar sem starfsemi setursins var kynnt og boðið upp á veitingar.

Fyrir hádegi komu nemendur í Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík og fræddust um starfsemi og fjölbreytt verkefni stofnananna. Framhaldsskólanemum var sérstaklega kynnt háskólanámsþjónusta Þekkingarnetsins og aðstaða til náms. Náttúrustofan kynnti svo rannsóknir sínar í Þingeyjarsýslum. Eftir hádegi var húsið opið almenningi. Vel var mætt og almenn ánægja með þetta framtak. Um kvöldið var svo afmælisveisla í félagsheimilinu Sólvangi þar sem starfsmenn og stjórnarmenn auk maka áttu saman glaða stund.

Þekkingarsetrið á Húsavík

Starfsemi 2019



Þekkingarnet
Píngeyinga

Miðstöð símenntunar,
háskólanáms- og rannsóknna.



Náttúrustofa
Norðausturlands

Rannsóknastofnun á
sviði náttúrufræða.

•Óli Halldórsson

MA umhverfisfræði, BA heimsspeki, framh. sk. kennari
Verkefni: Forstöðumaður



•Arnþrúður Dagsdóttir

M.A. og B.A. í myndlist, kennslufræði
Verkefni: Verkefnastjóri í Mikley



•Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

MA kynjafræði, BA fjölmiðlafræði, framh. sk. kennari
Verkefni: Verkefnastj. á ranns. sv. (í námsleyfi)



•Guðrún Helga Ágústsdóttir

MA náms- og starfsráðgj., BA félagsráðgjöf, dipl. starfseh.
Verkefni: Náms- og starfsráðgjafi (í fæðingarorl.)



•Guðrún Ósk Brynjarsdóttir

Skrifstofustjóri/skólanitari frá Ví
Verkefni: Skrifstofustjóri, afgreiðsla



•Heiðrún Óladóttir

BEEd kennari
Verkefni: Verkefnastjóri í símenntun, Þórshöfn



•Helena Eydís Ingólfssdóttir

BEEd kennari, MPA í opinberri stjórnsýslu
Verkefni: Verkefnastjóri á rannsóknasviði



•Hilmar Valur Gunnarsson

BA í félagsráðgjöf
Verkefni: Verkefnastjóm á símenntunarsviði



•Ingibjörg Benediktsdóttir

BA í nútímafræðum
Verkefni: Verkefnastjóm á símenntunarsviði



•Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

MS alþj. markaðsfr., MS ferðamálafr., Cand. Oecon viðsk. fr.
Verkefni: Verkefnastjóm á rannsóknasviði



•Aðalgeir Bjarnason

Verkefni: Húsumsjón og ræstingar á Húsavík



•Maren Óla Hjaltadóttir

Verkefni: Ræstingar Menntasetrinu Þórshöfn



Sumarstarfsfólk ÞÞ við rannsóknir

•Heiða Elín Aðalsteinsdóttir

Nemi við Háskólann á Akureyri
Verkefni: Sumarverkefni á Húsavík



•Kristrún Ásta Arnfinnsdóttir

Nemi við Listaháskóla Íslands
Verkefni: Sumarverkefni á Raufarhöfn



•Linda Björk Árnadóttir

Nemi við Háskólann á Akureyri
Verkefni: Sumarverkefni í Mývatnssveit



•Selmdís Þráinsdóttir

Nemi við Háskóla Íslands
Verkefni: Sumarverkefni á Húsavík



•Þorkell Lindberg Þórarinnsson

MS/BS líffræðingur
Verkefni: Forstöðumaður



•Sesselja G. Sigurðardóttir

BS líffræðingur
Verkefni: Sérfræðingur, rannsóknast., skýrslugerð



•Aðalsteinn Örn Snæþórsson

MS líffræðingur, kennari
Verkefni: Sérfræðingur, rannsóknir, fræðsla



•Sigþrúður Stella Jóhannsdóttir

MS Umhverfisstjórnun, BS líffræðingur,
Verkefni: Sérfr., náttúruvernd og umhverfismál



•Yann Kolbeinnsson

BS líffræðingur, MS nemi
Verkefni: Sérfr. fuglarannsóknir og -vöktun



Sumarstarfsfólk NNA við rannsóknir

•Snæþór Aðalsteinnsson

BS nemi í líffræði



•Chaneé Thianthong

MS nemi í loftslagsbreytingum, BS landfræði



Háskóli Íslands

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík á sviði
sjávarspendýrafræða.

•Marianne H. Rasmussen

PhD sjávarspendýralíffræði, cand. sc. líffræði
Verkefni: Forstöðumaður (í fæðingarorlofi)



•Charla Jean Basran

PhD nemi sjávarspendýralíffr., MRM stj. hafsvæða, BS líffr.
Verkefni: Staðgengill forstöðum., verkefnastj.



Tímabundin rannsóknaverkefni

•Adam Smith

PhD sjávarspendýralíffr., MS sjávarlíffr.
Verkefni: Fulbright Postdoc. hljóðmynd í vatni



•Tatiana Marchon

PhD sjávarspendýralíffr., MS sjávarlíffr.
Verkefni: Rannsóknaverkefni um háhyrninga



•Tom Grove

PhD nemi sjávarspendýralíffræði
Verkefni: Cortisol mælingar á útblæstri hvala



•Olli Loisa

PhD nemi sjávarspendýralíffræði
Verkefni: Arcpath ranns.verkefni um loftslagsbr.



Auk starfsfólks HÍ sem greint er frá að ofan starfa ár hvert um 25 íslenskir eða erlendir námsmenn/ rannsakendur við rannsóknir hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík í tímabundnum störfum.



Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

•Þorkell Björnsson

Mjólkurfræðingur
Staða: Heilbrigðisfulltrúi í Þingeyjarsýslum



Nemar og gestir

Auk starfsfólks sem greint er að ofan starfar fjöldi nema í símenntun og háskólafrámenningu innan veggja Þekkingarsetursins allt árið um kring. Einnig er nokkuð um gestarannsakendur í samstarfi við stofnanirnar sem nýta aðstöðu og þjónustu við störf sín til skemmi tíma.